

# ÞÚ ERT ÞAÐ SEM ÞÚ GERIR Á NETINU

**SAFT MÁLÞING á ALÞJÓÐLEGA NETÖRYGGISDAGINN 12. FEBRÚAR 2008**

*Netið, jákvætt eða neikvætt?  
Eigum við að trúa öllu því sem við sjáum og lesum á Netinu?  
Snúast farsímar bara um að “tengja fólk”?  
Högum við okkur á annan hátt í netheiminum en raunheiminum?*

Í tilefni af alþjóðlega netöryggisdeginum, þriðjudaginn 12. febrúar 2008, stendur SAFT, vakningarverkefni um jákvæða og örugga netnotkun barna og unglunga á Netinu og tengdum miðlum, fyrir opnu málþingi undir yfirskriftinni “**Þú ert það sem þú gerir á Netinu**”. Málþingið verður haldið í Kennaraháskóla Íslands og stendur frá kl. 16.00-18.00. SAFT hefur á síðustu árum staðið fyrir viðburðum á Alþjóðlega netöryggisdaginn, sem nú er haldinn í fimmta sinn.

Markmið málþingsins er að draga annars vegar fram sýn nemenda og hins vegar foreldra og kennara á helstu kostum og göllum Netsins. Hvar dregur hópana saman og hvar skilur að? Einnig verður áhersla lögð á að fá fram framtíðarsýn hópanna varðandi örugga og ánægjulega notkun og þróun Netsins. Þátttakendur vinna fyrst í tveimur málstofum en málþinginu lýkur með sameiginlegri málstofu nemenda, foreldra og kennara þar sem gerð verður grein fyrir niðurstöðum.

SAFT hefur einnig í tilefni dagsins staðið fyrir nemendasamkeppni um gerð jafningjafræðsluefnis þar sem nemendum hefur gefist kostur á að koma sínum hugmyndum um Netið á framfæri. Á málþinginu mun dómnefnd gera grein fyrir vali sínu og veita verðlaun. Í dómnefnd sitja Björn Sigurðsson, Menntagátt, Þorsteinn J., RUV og Vanda Sigurgeirsdóttir, Kennaraháskóla Íslands.

## Dagskrá:

- 16:00 Málstofur
  - Foreldrar/kennarar: Málstofustjóri er Páll Ólafsson, félagsráðgjafi hjá Fjölskyldu- og heilbrigðissviði Garðabæjar
  - Nemendur: Málstofustjóri er Margrét Sigurðardóttir, æskulýðsfulltrúi Seltjarnarness
- 17:00 Kaffi
- 17:15 Samgönguráðherra, Kristján L. Möller, flytur ávarp
- 17:20 Samantekt úr málstofum
- 17:50 Samkeppnin: niðurstöður dómnefndar og verðlaunaafhending
- 17:55 Stutt kynning á fyrirlestra- og jafningjafræðsluherferð SAFT um landið – María Kristín Gyldfadóttir, formaður Heimilis og skóla, og Árni Pétur Jónsson, forstjóri Vodafone
- 18:00 Veitingar

**Fundarstjóri:** Svavar Halldórsson, fréttamaður hjá RUV

**Staðsetning málþings:** Kennaraháskóli Íslands, við Stakkahlíð. Málstofur verða í stofum H201 og H202 og málþing í Bratta.

**Þátttakendur:** Málþingið er öllum opið. Nemendur á aldrinum 11-16 ára eru sérstaklega boðnir velkomnir ásamt foreldrum sínum og kennurum. Vinsamlega tilkynnið þátttöku með tölvupósti á [saft@saft.is](mailto:saft@saft.is).